

Kaup Eðalfangs ehf. á meirihluta hlutfjár í 101 Seafood ehf.

1. Þann 5. júní 2023 var Samkeppniseftirlitinu tilkynnt um kaup Eðalfangs ehf. („**Eðalfang**“) á 50,1% hlutfjár í félaginu 101 Seafood ehf („**101 Seafood**“). Með tilkynningunni fylgdi styttri samrunaskrá í samræmi við 5. og 6. mgr. 17. gr. a samkeppnislaga og reglur Samkeppniseftirlitsins nr. 1390/2020. Samrunagjald var greitt þann 1. júní 2023. Með tölvupósti 16. júní 2023 upplýsti Samkeppniseftirlitið að nefnd samrunatilkynning teldist fullnægjandi. Með hliðsjón af 2. mgr. 8. gr. reglna Samkeppniseftirlitsins um tilkynningu og málsmeðferð í samrunamálum nr. 1390/2020 byrjuðu frestir til að rannsaka samrunann að líða 6. júní 2023. Við athugun á samrunanum leit Samkeppniseftirlitið til upplýsinga í samrunaskrá auk nýlegra fyrri ákvarðana eftirlitsins er lúta að samrunaaðilum og mörkuðum málsins.
2. Samkvæmt 17. gr. samkeppnislaga telst samruni hafa átt sér stað þegar breyting verður á yferráðum til frambúðar. Með kaupunum eignast Eðalfang meirihluta hlutfjár í 101 Seafood. Með hliðsjón af framangreindu er um að ræða samruna í skilningi 17. gr. samkeppnislaga. Er samrunaaðilum lýst með svofelldum hætti í samrunaskrá:
 - a) Í samrunaskrá kemur fram að Eðalfang sé eignarhaldsfélag. Félagið haldi utan um hlut í þremur félögum; Brimilshóla ehf., Norðanfisk ehf. („**Norðanfiskur**“) og Eðalfisk ehf. („**Eðalfiskur**“) Samstæðan sérhæfi sig í áframvinnslu sjávarafurða í stóreldhús- og neytendapakkingar auk tengdrar starfsemi. Félagið er með aðsetur á Akranesi og í Borgarnesi.
 - b) 101 Seafood sé rekstrarfélag á sviði innflutnings og sölu sjávarafurða. Félagið hafi sérhæft sig í innflutningi á skelfiski, t.d. frosnum og lifandi humri, kröbbum og hörpudiski, auk þess að kaupa hvítfisk á innanlandsmarkaði. Framangreindar vörur auk fleiri eru ætlaðar til áframvinnslu og sölu til stóreldhúsa og annarra aðila. Stærsti viðskiptavinur félagsins er Norðanfiskur ehf. og koma um [...]¹ af tekjum þess frá Norðanfiski, sem selur vörurnar á innanlandsmarkaði undir sínu vörumerki.
3. Samrunaaðilar greina svo frá að markaður sem áhrifa gæti sé pökkun á sjávarafurðum í stóreldhús og í neytendapakkingar, sbr. fyrri ákvarðanir eftirlitsins. Telja samrunaaðilar líklegt að markaðurinn yrði talinn takmarkast við landið allt.
4. Að mati samrunaaðila starfa téd dótturfélag Eðalfangs, þ.e. Norðanfiskur og Eðalfiskur, á sömu mörkuðum og 101 Seafood. Kemur fram í samrunaskrá að samrunaaðilar telja að markaðshlutdeild Norðanfisks/Eðalfisks sé um [...]² en 101 Seafood óveruleg eða [...]³.

¹ Trúnaðarupplýsingar

² Trúnaðarupplýsingar

³ Trúnaðarupplýsingar



5. Með vísan til hinnar takmörkuðu markaðshlutdeildar sem samrunaaðilar njóta, telja þeir að áhrif samrunans séu afar takmörkuð, ef nokkur, á markaði fyrir pökkun á sjávarafurðum í stóreldhús og neytendapakkingar. Að mati samrunaaðila myndi samruninn hvorki að skapa eða styrkja markaðsráðandi stöðu.
6. Jafnframt geta samrunaaðilar þess að ýmis önnur fyrirtæki sé starfandi á sama markaði, sem veita samrunaaðilum ríkt samkeppnislegt aðhald. Þá telji samrunaaðilar að óverulegar aðgangshindranir séu inná markaðinn og að nýir aðilar geti hafið innreið á markaðinn með tiltölulega litlum tilkostnaði.
7. Samkeppniseftirlitið getur tekið undir markaðsskilgreiningu samrunaaðila, þ.e. að viðkomandi markaður teljist markaður fyrir áframvinnslu og sölu fiskafurða til stóreldhúsa og í neytendapakkingar. Það athugast þó að Samkeppniseftirlitið telur ekki útilokað að skilgreina megi markað fyrir áframvinnslu og sölu fiskafurða í nánari undirmarkaði eftir tegund sjávarafurðar. Í því samhengi skal haft í huga að Eðalfiskur sérhæfi sig eingöngu í áframvinnslu á laxaafurðum. Þá er ekki útilokað að stóreldhússmarkaður og neytendamarkaður teljist sitthvor markaðurinn. Í ljósi niðurstöðu málsins er þó ekki þörf á að skilgreina markaði málsins frekar.
8. Að því er varðar landfræðilegan markað vísa samrunaaðilar til þess að líklegt sé að hann takmarkist við landið allt. Þó taki samrunaaðilar fram að hluti af veltu þeirra stafi af útflutningi. Í ljósi niðurstöðu málsins er að mati Samkeppniseftirlitsins ekki tilefni til að gera athugasemd við þessa skilgreiningu samrunaaðila á landfræðilegum markaði málsins, þ.e. að hann takmarkist við Ísland.
9. Með vísan til fyrirliggjandi gagna og framangreindrar umfjöllunar fær Samkeppniseftirlitið ekki séð að viðkomandi samruni leiði til þess að markaðsráðandi staða verði til eða styrkist, eða að samruninn leiði til þess að samkeppni raskist að öðru leyti með umtalsverðum hætti, sbr. 17. gr. c samkeppnislaga. Af þeim sökum er það niðurstaða eftirlitsins að ekki séu forsendur til að aðhafast vegna þessa máls á grundvelli 17. gr. c samkeppnislaga og lýkur málinu þá á fyrsta fasa rannsóknar.

Ákvörðunarorð

„Kaup Eðalfangs ehf. á meirihluta hlutfjár í 101 Seafood ehf. fela í sér samruna í skilningi samkeppnislaga. Samkeppniseftirlitið telur ekki forsendur til þess að hafast frekar að í máli þessu.“

Samkeppniseftirlitið

Páll Gunnar Pálsson